

Moretti og Benedetti gegn Ítalíu

Dómur frá 27. apríl 2010

Mál nr. 16318/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hugtakið fjölskyldulíf. Ættleiðing. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandur, Luigi Moretti og eiginkona hans, Maria Brunella Benedetti, eru ítalskir ríkisborgarar fæddir 1966 og 1959. Þau eru búsett í Lugo di Ravenna á Ítalíu. Þegar atvik málsins urðu bjuggu þau samt dóttur sinni og barni sem Maria hafði ættleitt. Hjónin tóku gjarnan börn í föstur sem ættleidd höfðu verið af öðrum fjölskyldum.

Með úrskurði í lok maí 2004 var nýfæddu barni, A, komið fyrir hjá kærendum til fimm mánaða en móðir þess hafði hætt að annast það skömmu eftir fæðingu þess. Tíminn var síðar framlengdur fram í desember 2005. Í lok október 2004 óskuðu kærandur eftir leyfi til að ættleiða A. Þeim bárust hins vegar engin svör og ítrekuðu þau því beiðni sína í mars 2005. Í millitíðinni hafði dómstóll úrskurðað að barnið mætti setja til ættleiðingar. Í desember 2005 var annarri fjölskyldu veitt forræði yfir A og var sú niðurstaða ekki birt kærendum. Sama dag var barnið fjarlægð af heimili kæranda með aðstoð lögreglu.

Kröfu kæranda um að ættleiða A var hafnað af dómstóli sem vísaði til þess að önnur fjölskylda hefði þegar fengið heimild til að ættleiða barnið og við þá ákvarðanatöku hefði verið litið til þess hvað væri barninu fyrir bestu. Áfrýjunardómstóll sneri hins þeirri niðurstöðu við með vísan til þess að ekki hefðu verið færð fram fullnægjandi rök fyrir niðurstöðu dómsins og að rannsaka hefði átt umsókn kæranda áður en ákvörðun um að setja barnið til ættleiðingar var tekin og áður en ný fjölskylda hefði verið valin. Í sérfræðimati fyrir áfrýjunardómstól kom fram að barnið virtist vera hænt að báðum þörum en að það virtist hafa samlagast vel nýju fjölskyldunni. Í lok október 2007 komst áfrýjunardómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frekari aðskilnaður væri til þess fallinn að skaða barnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að lög og málsmeðferðarreglur hefðu verið brotnar við meðferð stjórnvalda á beiðni þeirra um heimild til ættleiðingar. Með því hefði verið brotið í bága við rétt þeirra til samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kæran sem dómstólnum barst var frá kærendum sjálfum fyrir eigin hönd og fyrir hönd A. Dómstóllinn benti hins vegar á að kærandur færu ekki með forsjá yfir barninu, ekki hefði verið fallist á beiðni þeirra um að ættleiða það og að þau hefðu ekki framvísað neinum lögmætum gögnum sem rennt gætu stöðum undir að þau færu með gæslu hagsmuna A fyrir dómstólnum. Af þeim sökum vísaði dómstóllinn frá kröfum þeirra sem lagðar voru fram fyrir hönd A.

Dómstóllinn benti á að hugtakið fjölskylda í skilningi 8. gr. sáttmálans væri ekki einskorðuð við sambönd giftra einstaklinga heldur gæti það einnig tekið til annarra *de facto* fjölskyldutengsla þar sem aðilar væru ekki einungis tilfinningalega tengdir heldur einnig háðir hver öðrum. Þegar metið væri hvort í slíku sambandi fælust þættir sem teldust fjölskyldulegs eðlis þyrfti að líta til fjölda þátta. Þar mætti til dæmis nefna hversu lengi viðkomandi einstaklingar hefðu búið saman, hvort samkomulag sé gott og hlutverk hins fullorðna gagnvart barni. Dómstóllinn benti á að kærandur hefðu búið með barninu á mikilvægu tímabili fyrstu níttján mánuði í ævi þess og að það virtist hafa aðlagast fjölskyldunni. Ef litið væri til hinna sterku tengsla milli kæranda og barnsins þá var það mat dómstólsins að fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. sáttmálans hefði stofnast.

Dómstóllinn vísaði til þess að þótt 8. gr. sáttmálans fæli ekki í sér rétt til ættleiðingar, kæmi það ekki í veg fyrir að í ákveðnum tilvikum gæti skylda fallið á aðildarríki sáttmálans til að heimila að fjölskyldubönd myndist. Í málinu sem hér væri um að ræða hefði verið afar mikilvægt að grandskoða

beiðni kæranda um heimild til að ættleiða A og gera það með skjótum hætti. Dómstóllinn ítrekaði að í málum sem vörðuðu líf fjölskyldna gæti tíminn leitt til óafturkræfra afleiðinga. Það væri hins vegar ljóst að beiðni kæranda um að ættleiða A hefði ekki verið tekin til meðferðar fyrr en eftir að úrskurðað hefði verið um að aðrir mættu ættleiða A, en auk þess hefði ættleiðingarbeiðni þeirra verið hafnað án rökstuðnings.

Dómstóllinn benti á að það væri ekki hans hlutverk að setja fram rök sem kæmu í stað þeirra sem ítölsk stjórnvöld hefðu vísað til vegna þeirra úrræða sem gripið var til. Einnig benti hann á að ekki væri vafi á að dómstólar hefðu verið í góðri trú þegar metið var hvað væri barninu fyrir bestu. Hins vegar yrði að líta til þess að annmarkar á málsmeðferð hefðu haft beinar afleiðingar fyrir rétt kæranda til fjölskyldulífs og að stjórnvöld hefðu látið hjá líða að tryggja raunhæfa vernd þess réttar.

Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 41. gr. voru kærendum dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði sératkvæði.